

Ferð á Vatnajökul vorið 1980

KRISTÍN INGVARSDÓTTIR

ABSTRACT

The author describes a tour on five snow scooters on Vatnajökull which eight members of the Iceland Glaciological Society carried out on five days in June of 1981. The route went from Jökulheimar through Pálsfjall, Geirvörtur, Thordarhryna, Grímsvötn, Kverkfjöll and back to Jökulheimar.

FERÐ Á VATNAJÖKUL VORIÐ 1980

Laugardaginn 24. maí 1980 lagði 9 manna hópur af stað frá Reykjavík áleiðis austur með suðurströndinni. Þennan 9 manna hóp skipuðu Torfi H. Ágústsson, Valdimar Valdimarsson, Skúli Guðmundsson, Páll Fransson, Soffía Vernharðsdóttir, Skúli Már Sigurðsson, Vilhelm Andersen, Bragi Hannibalsson og Kristín Ingvarsdóttir, sem ritar þessa ferðalýsingu. Farartækin voru 4 jeppar og 5 vélsleðar. Veður var hið fegursta, sólskin og heiðskirt og þreyta eftir annasaman undirbúning hvarf eins og döggr fyrir sólu er jökular sunnanlands blöstu við. Hvítasunnuhelgin var framundan og allir búnir að tryggja sér frí frá daglegum störfum næstu viku og börnin komin í föstur. Ferðinni var heitið á

Vatnajökul. Þar sem snjója leysti seint þetta vor, var ekki orðið bílfært í Jökulheima. Því var ákveðið að halda upp Breiðamerkurjökul og stefnt að því að hafa Goðahnjúka fyrsta áfangastað á jökli, halda síðan vestur um til Kverkfjalla, þaðan í Grímsvötn og enda í Esjufjöllum.

Ferð okkar sóttist vel austur á bóginn og áðum við fyrst undir Víkurhömrum þar sem við fengum okkur hressingu úti í veðurblíðunni. Var mannskapurinn myndaður í bak og fyrir með kaffikrúsir á lofti og munninn fullan af kjarngóðu nesti. Kvikmynda-tökumaður hópsins, Páll Fransson, var þar manna ötulastur bæði þá og í allri ferðinni og hefur það vakið upp ljúfar minningar síðar að sjá þessar myndir. Ber Páli bestu þakkir fyrir. Áfram var haldið og þegar austar dró sást Öræfajökull skarta sínu fegursta. Vel gekk að komast á jökulinn. Við gátum ekið bílunum upp á jökulsporðinn og tekið sleðana þar af. Rétt um miðnætti vorum við lögð af stað upp jökulinn og ferðin langþráða hafin fyrir alvöru.

Jökullinn var ber um 5 km upp og erfiður yfirferðar fyrir vélsleðana með hina þungu dráttarsleða. Allt gekk þó stórslysalaust og 21 klst. síðar vorum



Mynd 1. Goðheimar, skáli JÖRFI á Goðahnjúkum, 20. maí 1980. Ljós-: Bragi Hannibalsson.